

## GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Ólafsfirði.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hunda í Ólafsfirði á árinu 1987 skal vera kr. 3 000 fyrir hvern hund, samanber 2. gr. staflið B í samþykkt nr. 349/1977, um hundahald í Ólafsfirði.

2. gr.

Handsömunargjald samkv. 2. gr. samþykktar nr. 349/1977 skal vera kr. 3 000.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 6. mars 1987.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Soffía Magnúsdóttir.*